

Ed.

161. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

20. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, orðist svo:

Skylt er skipverjum að sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja, sbr. lög nr. 41, 19. maí 1930, og er hverjum skipverja skylt að fá bókina hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip. Skal sjóferðabókin ávallt lögð fram við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem um ræðir í 7., 10., 14. og 17. gr.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingardegi og fæðingarári, fæðingarstað (sýslu eða bæ), svo skal og þar vera stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal enn fremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúm og úr skiprúmi.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar lögskráning úr skiprúmi fer fram.